# Stensláð á steypurenning



Hér eru yfirborðsmerkingar sem geimálfinn vantar upplýsingar um. Aðstoðaðu hann við að afla þeirra og skráðu á línurnar.



Óbrotin miðlína



Fullbrotin miðlína



Brotin miðlína við hlið heillar línu



Hvítar línur, brotnar eða heilar



Gul óbrotin lína meðfram vegbrún



Gul brotin lína meðfram vegbrún

# Merkjarannsóknin



Hér eru 4 vísbendingar sem þú hefur til að hjálpa geimálfinum að finna út hvaða umferðarmerki börnin þekkja. Skráðu hvað merkjaflokkarnir heita.

| |  |  |  |  |
|---|---|---|---|---|
| Erla | | | | |
| Frissi | | | | |
| Kolla | | | | |
| Óli | | | | |

1. Frissa merki snýr ekki öfugt við hin merkin.
2. Erlu merki þýðir að ökumenn verði að vara sig á umferð gangandi vegfarenda.
3. Óla merki varar við að einhvers konar beygja sé framundan á veginum.
4. Kollu merki þýðir að ökumenn eru skyldugir til að bíða.

Hvaða merkjaflokkur er þetta? ______________________________

| |  |  |  |  |
|---|---|---|---|---|
| Siggi | | | | |
| Guðrún | | | | |
| Kiddi | | | | |
| Anna | | | | |

1. Það er ekkert hjól á Sigga merki.
2. Guðrún á hest og sér þetta merki bara þar sem hún fer á hestbak.
3. Merkið hans Kidda táknar að hringtorg sé framundan.
4. Önnu merki sýnir hvar sérstakir stígar fyrir hjólreiðafólk liggja.

Hvaða merkjaflokkur er þetta? ______________________________

| |  |  |  |  |
|---|---|---|---|---|
| Krissi | | | | |
| Einar | | | | |
| Valli | | | | |
| Steingerður | | | | |

1. Það er enginn rauður litur í merkinu hans Krissa.
2. Merki Einars vísar ekki á næstu lögreglustöð.
3. Hægt er að fá ýmsar upplýsingar þar sem merki Valla er.
4. Merki Steingerðar vísar á aðstoð ef slys ber að höndum.

Hvaða merkjaflokkur er þetta? ______________________

| |  |  |  |  |
|---|---|---|---|---|
| Ásta | | | | |
| Steini | | | | |
| Unnur | | | | |
| Lóa | | | | |

1. Það er ekki strikað yfir merkið hennar Ástu.
2. Það er strikað yfir merkið hans Steina.
3. Merki Unnar segir til um hve hratt megi aka á tilteknum vegi.
4. Ekki má hjóla þar sem Lóu merki er.

Hvaða merkjaflokkur er þetta? ______________________

| |  |  |  |  |
|---|---|---|---|---|
| Atli | | | | |
| Hildur | | | | |
| Bjössi | | | | |
| Sigrún | | | | |

1. Atla merki táknar ekki biðstöð almenningsvagna.
2. Hildar merki er notað þar sem gangandi vegfarendur geta komist leiðar sinnar í gegnum undirgöng.
3. Bjössa merki táknar ekki umferð fatlaðra.
4. Sigrúnar merki er öðruvísi í laginu en öll hin merkin.

Hvaða merkjaflokkur er þetta? ______________________

# Merkjasamsetningar



Hvað þýða umferðarmerkin þegar þau eru sett saman á þennan hátt?

















# Reglugerðaruglið



Mikilvægt er fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur að kunna umferðarreglurnar. Ferð þú ekki alltaf eftir þeim?

| Gangandi vegfarendur | Hjólandi vegfarendur |
|---|---|
| | |

# Reglugerðaruglið - fylgiskjal



Klipptu reglurnar út úr fylgiskjalinu og límdu þær inn í reitina á verkefnablaðinu eftir því hvort þær eru fyrir gangandi eða hjólandi vegfarendur.

Allir hjólreiðamenn undir 15 ára aldri eiga að nota hlífðarhjálm.

Ganga á út úr skólabíl eða almenningsvagni í einfaldri röð.

Ef gangstétt vantar á að ganga vinstra megin á móti umferðinni eins langt frá bílum og hægt er.

Stoppa skal, hlusta og líta vel til beggja hliða áður en gengið er yfir götu.

Aldrei má hjóla út á götu milli kyrrstæðra bíla.

Aldrei má ganga út á götu milli kyrrstæðra bíla.

Hjólreiðamaður má ekki hanga aftan í bíl eða öðru farartæki.

Barn yngra en 12 ára má ekki hjóla eftirlitslaust í umferðinni.

Alltaf á að nota gangstíg eða gangstétt þar sem hægt er.

Ganga skal rösklega yfir götu án óþarfa tafa þegar öruggt er.

Þegar hægt er skal ávallt fara yfir götu á gangbraut, nota undirgöng eða brú.

Barn yngra en 15 ára má ekki reiða aðra á reiðhjóli.

Ávallt skal hjóla í einfaldri röð nema aðstæður leyfi annað.

Þar sem gangstétt vantar á að ganga á móti umferð í einfaldri röð.

Gefa verður merki með útréttri hönd áður en beygt er.

Hjólreiðamaður á gangstétt eða gangstíg skal víkja fyrir gangandi vegfarendum.

Reiðhjól skulu uppfylla reglur um allan öryggisbúnað.

# Öryggisbúnaður reiðhjóla



Hér er öryggisbúnaður sem þarf að vera til staðar á öllum reiðhjólum samkvæmt lögum og reglugerðum. Finndu búnaðinn í orðaruglinu. Er hjólið þitt nokkuð ólöglegt?




HVÍTT ÞRÍHLILÐA FRAMGLIT • RAUTT ÞRÍHLIÐA AFTURGLIT • HJÓLREIÐA-HJÁLMUR • BJALLA • HEMLAR • FRAMLJÓS • TEINAGLIT • GLITAUGA Á FÓTSTIG • KEÐJUHLÍF • RAUTT AFTURLJÓS • HJÓLALÁS

| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| H | V | Í | T | T | Þ | R | Í | H | L | I | Ð | A | F | R | A | M | G | L | I | T | F |
| U | H | L | O | E | R | T | Y | U | I | H | O | P | Ð | Æ | L | K | J | H | G | F | R |
| F | G | J | H | J | K | L | Æ | V | E | B | N | M | Þ | M | N | B | V | A | S | D | A |
| Í | E | R | Ó | T | U | R | U | M | L | Á | J | H | A | Ð | I | E | R | L | Ó | J | H |
| L | E | K | I | L | Ó | M | L | T | Í | A | S | H | F | Ú | M | A | Y | Ý | U | J | L |
| H | G | M | Æ | L | A | A | I | K | T | R | D | E | J | H | S | Í | D | A | Ó | L | J |
| U | Ý | L | Ó | S | R | L | S | Ó | J | L | R | U | T | F | A | T | T | U | A | R | Ó |
| J | I | G | R | Ú | G | N | Á | A | Þ | S | T | Y | Ó | P | Ö | Þ | Á | N | K | B | S |
| Ð | D | S | A | A | Ð | P | Ó | S | O | I | F | R | A | M | L | J | Ó | S | J | J | Þ |
| E | F | G | N | H | J | K | L | Æ | Ð | Ö | A | É | Ö | J | L | A | S | V | B | A | N |
| K | Ð | I | O | G | L | I | T | A | U | G | A | Á | F | Ó | T | S | T | I | G | L | K |
| M | E | M | U | U | V | B | Ö | Í | U | T | A | Ð | P | R | L | K | Y | T | Ó | L | O |
| T | I | L | G | R | U | T | F | A | A | Ð | I | L | H | Í | R | Þ | T | T | U | A | R |
| R | T | Y | U | J | K | L | Æ | A | S | Ö | Ð | Þ | N | M | J | H | F | G | T | D | E |

# Hjálmur skiptir höfuðmáli



Í bæklingnum *Hjólreiðar* fann geimálfurinn þessar upplýsingar um notkun hjálma en eitthvað hafa myndirnar víxlast. Tengdu rétt á milli.

„Hjálminn á að setja beint ofan á höfuð. Hann á að verja enni, hnakka, gagnaugu og koll. Hjálmur má hvorki hindra sjón né heyrn. Eyrað á að vera í miðju V- forminu sem böndin mynda.“





„Hökubandið má ekki vera lausara en svo að einn til tveir fingur komist á milli þess og hökunnar.“



„Algengt er að hjálmur sé of lítill eða of stór og hafður of laus, of aftarlega eða framarlega á höfðinu. Hjálmurinn veitir þá falskt öryggi.“



„Sé reynt að færa hjálminn til með báðum höndum, fram og aftur og til hliðanna, á hann að geta færst til um nokkra millimetra.“



„Hjálmur kemur ekki í veg fyrir slys en hann ver okkur fyrir meiðslum. Hjálmur getur greint á milli heilahristings og höfuðkúpubrots. Hjálmur getur greint á milli lífs og dauða.“



# Örugg í umferðinni



Þegar alvarlegt bílslys á sér stað getur notkun á réttum öryggisbúnaði skilið á milli lífs og dauða. Hvernig er ástand bifreiðarinnar sem þú ferðast mest í?

| | Já | Nei |
|---|---|---|
| Er bílbelti til staðar fyrir alla farþega? | ☐ | ☐ |
| Eru hnakkapúðar á öllum sætum? | ☐ | ☐ |
| Eru börn undir 36 kg þyngd farþegar í bílnum að staðaldri? | ☐ | ☐ |
| Ef já, nota þau viðeigandi bílstól eða bílpúða? | ☐ | ☐ |
| Er laus farangur í farþegarými bílsins? | ☐ | ☐ |
| Er rauður aðvörunarþríhyrningur í farangursrými? | ☐ | ☐ |
| Er sjúkrakassi til staðar? | ☐ | ☐ |
| Er slökkvitæki í bílnum? | ☐ | ☐ |
| Eru loftpúðar í bílnum? | ☐ | ☐ |
| Er barnabílstóll í framsæti bíls með loftpúða? | ☐ | ☐ |
| Er bílpúði í framsæti bíls? | ☐ | ☐ |
| Eru öll ljós í lagi? | ☐ | ☐ |

Bíltegund: __________ Bílnúmer: __________

Árgerð: __________ Dagsetning: __________

Úttekt bifreiðarinnar er unnin af: __________

# Áverkavottorðið



Skráðu öll ör og áverka sem þú hefur orðið fyrir vegna slysa eða aðgerða. Hvernig vildu slysin til? Á hvaða aldri varst þú? Hvernig hefði verið hægt að koma í veg fyrir slysin?



Nafn: ____________________

# Slysavarnasamningurinn minn



Gerðu þinn eiginn slysavarnasamning og skráðu hvað þú getur gert til að stuðla að bættu öryggi þínu og annarra í umferðinni. Ef þér tekst að fylgja samningnum hefur þú sterkt vopn í baráttunni við slysin!

Ég lofa að gera mitt besta til að stuðla að bættu öryggi mínu og annarra með því að ...

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

Undirskrift Dagsetning: